



Golfklúbbur Akureyrar

Skýrsla stjórnar 2011

1. nóvember 2010 – 31. október 2011



Golfklúbbur Akureyrar

Stjórn og nefndir starfsárið 2010-2011

Aðalstjórn

Formaður:	Halldór Rafnsson	eitt ár
Varaformaður:	Rúnar Antonsson	seinna ár
Ritari:	Halla Berglind Arnarsd	seinna ár
Gjaldkeri:	Arnar Árnason	fyrra ár
Meðstjórnandi:	Örn Viðar Arnarson	seinna ár

Varamenn í stjórn

1. varamaður	Gunnar Vigfússon	seinna ár
2. varamaður	Guðlaug M. Óskarsdóttir	fyrra ár

Vallarnefnd (GSÍ)

Formaður	Örn Viðar Arnarson
	Eyjólfur Ívarsson
	Kjartan Sigurðsson
	Sverrir Þorvaldsson
	Magnús Ingólfsson
	Heimir Jóhannsson
	Jónas Bjarnason
	Jón S. Hansen

Kapleikjanefnd (GSÍ)

Formaður	Gunnar Vigfússon
Yfirræsir	Stefán Haukur Jakobsson
Dómari	Tryggvi Jóhannsson

Forgjafarnefnd (GSÍ)

Formaður.	Tryggvi Aðalsteinsson
	Stefán Jónsson
	Fylkir Þór Guðmundsson

Aganefnd (GSÍ)

Formaður	Björn Axelsson
	Ólafur Búi Gunnlaugsson
	Aðalheiður Alfreðsdóttir

Afreksnefnd & unglínganefnd

Formaður	Halla Berglind Arnarsdóttir
	Jón Steindór Árnason
	Ingi Torfi Sverrisson
	Anna Einarsdóttir
	Harpa Ævarsdóttir
	Tómas Ólafsson
	Anton Ingi Þorsteinsson
	Karen Ingimarsdóttir
	Golfkennari GA

Arctic Open

Formaður	Guðmundur Ómar Pétursson
	Jón Birgir Guðmundsson
	Kristinn Svanbergsson
	Björn Gíslason
	Framkvæmdastjóri GA



Fjáröflunarnefnd

Formaður Rúnar Antonsson
Friðrik Sigbórsson
Frankvæmdastjóri GA

Nýliðanefnd

Formaður Guðlaug M. Óskarsdóttir
Karl Guðmundsson
Arinbjörn Kúld
Eygló Birgisdóttir
Valmar Völjaots

Öldunganefnd

Sunna Borg
Þórunn Anna Haraldsdóttir
Guðmundur E. Lárusson
Jóhann Jóhannsson

Húsnefnd

Formaður: Kári Guðmundsson
Ingólfur Bragason
Kári Már Jósavinson

Orðunefnd

Rúnar Antonsson
Svanhvít Ragnarsdóttir
Frankvæmdastjóri GA

Skoðunarmenn ársreikning

Sveinn Pálsson
John Júlíus Cariglia

Inngangur frá formanni

Ágætu GA félagar, eins og kemur fram í skýrslu vallarnefndar hér á eftir var sumarið okkur mjög erfitt. Það segir þó ekki að ekkert hafi gerst á þessu rekstrarári. Í janúar fengum við nýja brautarsláttuvél og í mars var gengið frá nýju deiliskipulagi fyrir vallarsvæðið að Jaðri, þá var aðstaðan í Íþróttahöllinni opnuð með viðhöfn og notaði stjórnin tækifærið og gerði Stefán Hauk Jakobsson að heiðursfélaga GA. Eins og ég nefndi áður kom völlurinn mjög illa undan vetri, sótt var um styrk til Akureyrarbæjar og var samþykkt að styrkja klúbbinn um tvær milljónir. Í framhaldi að þessu fóru Edwin Rögnvaldsson og Steindór Ragnarsson og hittu kennarana Bjarna Guðleifsson og Guðna Þorvaldsson hjá Landbúnaðarháskólanum, var þar ákveðið að fara í samstarf um rannsóknir á grasi vallarins og hafa verið tekin nokkur sýni til rannsókna. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur stjórn GA átt í viðræðum við Bæjarstjórn Akureyrarbæjar um framkvæmdarsamning sem var gerður 2007 og endurskoðaður 2009, verður að segjast að nokkuð hafi gustað í þeirri umræðu og þeim málum er ekki lokið.

Í júní hafði Edwin Rögnvaldsson samband vegna þess að Kaupmannahafnar-háskóli sótti um styrk til Scandinavian Turfgrass and Environmental Researct Foundation, en Edwin er í stjórn þar. Verkefnið snýst um landnotkun á vallarsvæðum og vantar Háskólanum völl á Íslandi til að vinna með og hefur okkur verið boðin þátttaka. Þetta getur verið gott innlegg í þróun og uppbyggingu golfvalla hér á Íslandi og er þetta okkur að



kostnaðarlausu. Eins og þið sjáið er ýmislegt í gangi og ekki þýðir að gefast upp þó móðir náttúra hafi minnt all harkalega á sig á liðnu starfsári.

Skýrsla Vallarnefndar

Árið 2011 verður seint minnst sem góðu golfsumri að Jaðri. Völlurinn var illa leikinn eftir veturinn, gríðarlegar frostsKemmdir voru á mörgum svæðum vallarins.

Völlurinn opnaði þann 1.júní inn á vetrarflatir að hluta en eins og menn muna þá snjóaði í byrjun júní. Kaldur maí og júní var því ekki til bóta fyrir uppbyggingu grassvæða eftir vetrarskaðann, var því ekki fyrr en í júlí lok sem grassvæði fóru að sýna bata. Mun það taka Jaðar talsverðan tíma að ná fyrri bata og vonum við því að næsta vor og sumar verði okkur hliðhollt til að ná Jaðarsvelli í toppform aftur.

Vinnudagur var þann 14.maí þar sem hin ýmsu verk voru unnin og mæting var góð. Ekki var hægt að opna völinn þann dag sökum veðurs og ástands vallar.

Framkvæmdir voru miklar og ber þar helst að nefna nýja 1. flöt og samhliða nýjan 4 teig, aðkallandi var að fara í gerð forflata á flötum 5,6,7 og 18. Einnig var farið í framkvæmdir við nýja stóra teiga á 1, 4, 7, 12, 13, 14,og 15. Vökvunarkerfi var komið fyrir í nýju flatirnar og í teiga.

Vallarnefnd og vallarstjóri vill þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg fyrir vel unnin störf og vonandi sjáumst við sem flest að ári.

Skýrsla kappleikjanefndar

Mótahald sumarsins var mjög óhefðbundið. Sumarið fór rólega af stað, þar sem vallaraðstæður voru þannig í sumar. Arctic Open var haldið 23.-24. júní sérstaklega er fjallað um það hér á eftir. Nokkur smærri mót voru haldin í júlí, Nýliðamót vanur - óvanur, Sumargleðin sem á fastan sess í mótaskránni en það mót er til styrktar unglíngastarfi klúbbsins, kvennamót Volare, eitt mót til styrktar afreksstarfi GA og Nettó miðnætur unglíngamót sem mæltist mjög vel fyrir. Hatta- og pilsamót GA kvennanna var á sínum stað í lok júlí og síðan Verslunarmannahelgarbomban en hún var í lok júlí er það eitt af stærri mótum sumarsins.

Meistaramótið var á sínum stað um miðjan júlí og var þátttaka með mesta móti. Nýtt fyrirkomulag var á mótinu í árkyllfingar léku í sínum flokki alla mótisdagana á útgefnum tíma frá mótisstjórn og mæltist þetta mjög vel fyrir og verður þetta fyrirkomulag haft áfram. Þátttakendur sem hófu leik í mótinu í ár voru í fullorðinsflokkum 163 og unglíngar 35, sem er mun meiri þátttaka en árið á undan en þá voru einungis 128 keppendur skráðir í fullorðinsflokkum. Öldungameistari var Haraldur Júlíusson, Guðný Óskarsóttir sigraði flokk kvenna 50 ára og eldri og Anna Freyja Eðvarðsdóttir sigraði flokk kvenna 65 ára og eldri. Í öldungaflokki karla 70 ára og eldri sigraði Hilmar Gíslason. Meistari unglínginga 14 ára og yngri var Kristján Benedikt Sveinsson.Ólafur Auðunn Gylfason golfkennari og Sunna Sævarsdóttir sigruðu í meistaraflokki.

Öll úrslit einstakra flokka í Meistaramótinu er að finna www.golf.is



Ágúst mánuður var með hefðbundnu sniði en það er okkar stæðsti mótamánuður, þar eru nokkur stórmót sem haldin eru á hverju ári. Herramót Heimsferða og Rub23, Hjóna- og parakeppni GA, Lostætis og Hótels Akureyrar, Mitsubishi Open og Bautamótið. Bomban lenti á júlí þetta árið.

Uppselt var í flestöll stórmót sumarsins þrátt fyrir að veðurguðirnir hafi ekki verið okkur hliðhollir í byrjun sumars.

September var með sín föstu mót, firmakeppni og bændaglímu, liðakeppnin AM AM og Greifamótið lokamótið í unglíngamótaröð norðurlands og lokamót Norðurlandsmótarað meistaraflokka. Auk þessa var nýtt mót á mótaskránni BYKO Open. Auk þeirra móta sem eru upp talin í þessari samantekt þá var haldin hér fjöldi fyrirtækjamóta bæði stór og smá svo mikið hefur verið um að vera hjá okkur í sumar. Fresta varð móti vallarnefndar Vinnufúsum og nokkrum öðrum smærri mótum sem ekki var hægt að koma á dagskrá vegna þess hversu golfsumarið okkar var stutt í annan endann.

Holukeppnin var spiluð í allt sumar og eins og fyrri ár var mikil og góð stemming í þeirri keppni. Á næsti ári munu keppnisskilmálar verða mun strangari hvað varðar tímamörk á leikjum. Holumeistari GA í ár var Tumi Hrafn Kúld hann háði einvígi við Kristján Benedikt Sveinsson og í 3. sæti var sigurvegarinn frá í fyrra Anton Ingi Þorsteinsson.

Vill stjórn GA þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum, sjálfboðaliðum og starfsfólki sem komu að mótahaldinu á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra störf.

Úrslit allra móta GA er að finna á www.golf.is og www.gagolf.is undir fréttir.

Skýrsla Arctic open

Arctic Open mótið var haldið dagana 23. – 24. júní og var þetta 25. Arctic Open mótið. Það hefur verið haldið frá árinu 1986 og hafa á fjórða þúsund innlendir og erlendir gestir látið drauminn rætast og tekið þátt í mótinu. Þátttakendur í mótinu í ár voru 132.

Að venju hófst undirbúningur fyrir mótið strax að loknu síðasta móti. Það hefur lítið breyst í viðskiptaumhverfinu. Markaðssetning mótsins og skipulag tók því mið af þeirri staðreynd að fyrirtæki eru ekki að kaupa miða á viðburði sem þennan þó hefur verið reynt að halda allri umgjörð mótsins eins og verið hefur. Skipuleggjendur mótsins fóru ekki varhluta af því ástandi sem völluminn var í þegar leið á júní mánuð og kom það líka á daginn að skráning var ekki eins góð síðustu vikunnar eins og menn vonuðu og jafnframt var ekki mikið um bókanir erlendis frá.

Að venju þurfti að leggja nótt við dag síðustu daga fyrir mót til að tryggja að allir hlutir væru í fullkomnu lagi. Fjölmargir GA félagar hjálpuðu til við undirbúning og framkvæmd mótsins og er þeim þakkað kærlega fyrir..

Framkvæmd mótsins tókst í alla staði vel og voru veðurguðirnir okkur hliðhollir og fengu keppendur miðnætursól bæði fyrir mótið og í mótinu sjálfu. En frekar kalt var í veðri.

Flugfélag Íslands var aðal samstarfsaðili um framkvæmd mótsins og verðlaun voru gefin af og NTC versluninum, Ecco, heildverslun Rolf Johansen, Sjósiglingu í Reykjavík og Golfbúðinni Hafnarfirði auk þess sem allir þátttakendur fengu sérstaka teiggjöf. Öllum þessum aðilum þökkum við samstarfið og bindum miklar vonir við þátttöku þeirra í framtíðinni.



Sú nýbreytni var á mótinu í ár að helmingur keppenda var ræstur út kl. 16.00 frá öllum teigum og síðan seinni helmingur keppenda ræstur út kl. 21.30, eftir sem áður var leikið eftir Stableford punktakerfi með og án forgjafar auk þess sem verðlaun voru veitt fyrir bestan árangur í kvenna- og öldungaflokki án forgjafar. Samhliða leik er spiluð liðakeppni. Fjórir eru saman í liði og valið í liðin af handahófi.

Áður en keppni hófst var haldin mikil "Drive" keppni af meistarateig á 8. Braut í stífri norðanátt. Örvar Samúelsson, kylfingur frá GA hafði betur í baráttu við aðra keppendur og tvo atvinnukylfinga frá Bandaríkjunum í keppninni. Aðeins högg sem lentu á braut fengu mælingu og sló Örvar lengst 258 metra, tæpum tuttugu metrum lengra en atvinnukylfingurinn Jeffery Lewis Whitman, sem varð annar.

Á hverju ári fer mikil vinna í að markaðssetja mótið þó það hafi sinn fasta sess. Alltaf er reynt að finna nýjar leiðir til að koma mótinu á framfæri við ferðaskrifstofuaðila bæði hér á landi og erlendis og viðhalda viðskiptasamböndum við stuðningsaðila og aðra sem að mótinu koma. Það er trú okkar að mótið muni áfram skila þeirri skemmtun og athygli sem það hefur gert og geti á komandi árum farið að skila jafn miklum tekjum til GA og þegar best lét, en mótið í ár var rekið með örlitlum halla.

Skýrsla unglínganefndar

Síðastliðinn vetur vorum við án inniaðstöðu þar til í apríl að hin stórgóða aðstaða í kjallara íþróttahallar opnaði. Við höfðum Bogann og voru eldri krakkarnir dugleg að nota sér hann til æfinga. Inniaðstaðan var vel sótt eftir opnun og allir kátir með hana. Páskamót með þrautum og leikjum var haldið í Boganum í lok mars, við góðar undirtektir barna, unglínga og foreldra. Árlegt kaffihlaðborð unglíngaráðs var svo haldið á sumardaginn fyrsta.

6. – 8. maí fór hópur ungmenna í æfingaferð og heimsóttum við GS. Ferðin var vel heppnuð enda veðurguðirnir okkur hliðhollir.

Nokkrir kjarnakrakkar fóru á fyrsta mótið í Arionbankaröðinni og stóðu sig með ágætum.

Við vorum með kynningu á golfíþróttinni fyrir alla 4. bekkinga á Akureyri og var hún vel sótt. Þá var golfskólinn á sýnum stað og var hann einnig vel sóttur.

Í sumar voru sett upp mörg lítil mót á miðvikudögum þar sem öll börnin tóku þátt, auk þess sem hin árlega Ryderkeppni var haldið með krökkunum.

Meistaramót barna var haldið í júlí og og lauk því með grillveislu í boði Norðlenska.

Norðurlandsmótaröðin var á sínum stað, 4 mót og voru okkar krakkar dugleg við að raða sér ofarlega í hvert mót fyrir sig. Við eignuðumst 2 norðurlandsmeistara, þá Tuma Hrafn og Ævarr Frey.

Í ágúst var haldið íslandsmót í HöGGLEIK á Grafarholtsvelli. Í flokki 15 – 16 ára átti GA 3 keppendur af þeim 36 sem komust inn í mótið. Bestan árangur þar átti Ævarr Freyr en hann varð í 8. sæti. Í flokki 14 ára og yngri áttum við 5 keppendur af 36. Bestum árangri þar náðu Tumi Hrafn sem varð í 6. sæti og Kristján Benedikt sem varð í 7. sæti. Stefanía Elsa varð í 10. sæti í flokki 15-16 ára stúlkna. Þessi frábæri árangur sýnir okkur að krakkarnir okkar eru komnir í baráttuna og gera eflaust betur að ári. Það er óneitanlega gaman og fyllir mann af stolti að sjá svona mörg GA nöfn í þessum keppnum aftur eftir smáhlé.

Þann 3. ágúst eignuðumst við unglíngalandsmótsmeistara þegar Kristján Benedikt sigraði með miklum glæsibrag í flokki 11-13 ára.



Sveitakeppni unglunga var haldin á Flúðum í ágúst og sendum við tvær sveitir í flokki 15 ára og yngri þær komust báðar í átta liða úrslit, en 23 lið voru skráð til leiks Við enduðum í 4 og 8 sæti eftir mikla baráttuleiki.

Unglingaráð lauk svo golfárinu 30. október með uppskeruhátíð þar sem við höldum pizzuveislu og veittar voru ýmsar viðurkenningar.

Skýrsla Nýliðanefndar

Nýliðanefnd hittistá fundi 14. febrúar til að fara yfir drög sumarsins.

Ákveðið var að halda reglunámskeið fyrir nýliða í samráði við golfklúbbinn Ólafur golfkennari og Tryggvi dómari voru með þetta námskeið. Frekar fáir nýliðar mættu.

Eygló vann fyrir okkur flottan einblöðung fyrir nýliða, þar er hægt að finna allt það helsta um golfklúbbinn og/eða hvar má finna má hagnýtar upplýsingar. Þessar upplýsingar er að finna á heimasíðu klúbbsins.

Ákveðið var að halda 3 nýliða kvöld í byrjum sumars vanur/óvanur, smá frestun var á þessu vegna veðurs og var 1 kvöldið haldið 21. júní síðan 28. júní og svo loks 5. júlí, í heildina var frekar léleg mæting nýliða en 16-20 spilarar voru í allt á hverju kvöldi. Við hefðum viljað sjá fleiri óvana kylfinga, en vanir kylfingar voru þó duglegir að koma. Notast var við Texas schramble fyrirkomulag.

Í lok sumars var haldið mót vanur/óvanur ágætis þátttaka var í því.

Við viljum þakka öllum vönum kylfingum sem komu og studdu okkur vegna nýliðakvölda.

Skýrsla kvennanefndar

Byrjuðum árið á hinum árlega matarfundi okkar. Í þetta skiptið hittumst við í Golfskálanum þann 10. mars og borðuðum þar góðgæti frá Vídalínveitingum.

Tvær nýjar konur komu í nefndina: Kolbrún Ólafsdóttir og Ellen Guðmundsdóttir

Úr nefnd fóru Unnur Elva Hallsdóttir og Auður Dúadóttir.

Ákveðin var vorferð í Borgarnes 27 – 29 maí, sem tókst í alla staði mjög vel, 44 konur fóru í ferðina.

Við höldum uppteknum hætti og vorum með Vön óvön í sumar. Byrjuðum seinna að deginum eða kl. 18:30. að ósk framkvæmdastjóra. Það gekk ágætlega en einhverjar konur voru ekki ánægðar með tímann fannst þetta heldur seint.

Vön óvön er aðeins 4 sinnum yfir sumarið, áður fyrr voru teknir frá teigtímar fyrir okkur en ekki lengur, nú verðum við að skrá okkur á teig og stundum lenda aðrir inn á milli.

Hatta og pilsa mótið var 29 júlí og alltaf jafn vinsælt, spilaðar 9 holur og borðað hjá Vídalín

Enduðum síðan með súpukvöldinu í september. Nokkuð gott sumar miðað við völl og veður Hlökkum til næsta sumars.



Skýrsla öldunganefndar

Starf öldunganefndar var með hefðbundnu sniði þetta starfsárið þ.e. að halda utan um val á keppendum í sveit öldunga. Ekki hefur verið mikill metnaður fyrir því að komast í karla sveitina og í þátttöku í sveitakeppninni. Konurnar voru með spilæfingar en það kom svo í ljós þegar leið á sumarið að ekki yrði keppt í 2. deild öldunga kvenna svo þær sátu heima þetta árið. Karlasveitin keppti í Vestmannaeyjum og varð 2. sæti.

Sveitina skipuðu þeir, Bjarni Ásmundsson, Björgvin Þorsteinsson, Hafberg Svansson, Haraldur Júlíusson, Sigurður H. Ringsted, Viðar Þorsteinsson, Þórhallur Pálsson og Guðmundur Lárusson sem jafnframt var liðstjóri.

Skýrsla Afreksnefndar

Í desember 2010 kom afreksnefnd Golfklúbbs Akureyrar fyrst saman til þess að ræða undirbúning komandi keppnistímabils. Fyrstu fundir fóru í það að skipuleggja starf vetrarins og ræða við golfkennara klúbbsins. Farið var yfir mótaskrá sumarsins og styrktarkerfi. Til að bæta upplýsingaflæði var sett upp síðan á Facebook þar sem nefndin setti inn tilkynningar til hópsins, auk þess sem einstakir kylfingarnir áttu samskipti sín á milli og komu skilaboðum á framfæri. Þessi aðferð gekk betur en áður hefur þekkt til að koma skilaboðum á framfæri.

Fljótlega á nýju ári boðaði nefndin þá kylfinga, sem hún taldi að ættu heima í þessum hópi, á fund að Jaðri. Mæting var góð og kylfingar jákvæðir. Snemma varð þó ljóst að opnun á inniaðstöðu klúbbsins myndi seinka og því var ákveðið að nota tímamann til þess að bæta líkamlegt atgerfi kylfinga. Skipulagðar voru tvær þrek- og styrktaræfingar vikulega sem stýrt var af einkaþjálfurum. Skemmst er frá því að segja að kylfingar sóttu þessa tíma ekki nægjanlega vel, en æfingarnar stóðu þó yfir frá febrúar og út apríl mánuð.

Skipulagðar voru tvær æfingar í viku í Boganum þar sem kennari setti upp markvissar æfingar og leiðbeindi kylfingum. Nefndin er sammála um að í þessum æfingum séu mikil tækifæri enda aðstaðan afar góð.

Nefndin kom á opnum fyrirlestri með íþróttasálfræðingi að Jaðri og var mæting góð. Fyrirlesturinn var mjög fróðlegur mælir nefndin eindregið með því að þetta verði endurtekið. Ákveðið var að festa kaup á bolum fyrir kylfingana. Nefndin útvegaði kylfingum þrjár fjáraflanir í formi vörutalningar sem skiluðu stórum hluta upp í kaup á bolunum, en kylfingarnir sjálfir greiddu afganginn.

Kylfingarnir voru aftur boðaðir á fund á vormánuðum, þar sem nefndin fór yfir komandi sumar og tók jafnframt púlsinn á kylfingum. Kynnt var hvernig val í sveitakeppni færi fram, en skv. því fyrriomulagi sem fyrir valinu varð spiluðu fjórir kylfingar sig inn en fjórir voru valdir af. Áhersla var lögð á að kylfingar ynnu markvisst að sínum leik, t.d. með því að setja sér markmið og skrá tölfræði á leiknum hringjum.

Nefndin gerði starfssamning við afrekskylfinginn Örvar Samúelsson, sem kvað á um að hann ynni hálfan daginn á golfvöllinum, en ráðstafaði hinum helmingnum í æfingar. Árangurinn af þessu var metinn að sumrinu loknu og leggur nefndin til að þetta fyrirkomulag verði þróað áfram í samráði við golfkennara og aðra starfsmenn klúbbsins eftir því við á.

Í maí mánuði fór hópurinn til Dalvíkur og spilaði þar 18 holur. Þegar völlurinn að Jaðri opnaði voru settar á æfingar tvisvar í viku með kennara. Mæting á æfingarnar var almennt heldur dræm.



Sex kylfingar sóttu mót á Íslensku mótaröðinni, þar af fjórir á Íslandsmót í högggleik. Árangurinn var ágætur, þótt engin verðlaun hafi komið í hús þetta sumarið. Norðurlandsmótaröðinni í golfi var einnig haldið áfram í sumar, en þátttaka kylfinga í þeim mótum var undir væntingum, en mikilvægt er að sú mótaröð vaxi og dafni til að gefa lágförgjafakylfingum tækifæri til að spila hefðbundinn högggleik.

Í sveitakeppni voru karlarnir í 1. deild og léku í Kópavogi, en konurnar voru í 2. deild og léku á Sauðárkróki. Skemmst er frá því að segja að karlasveitin féll í 2. deild eftir mjög spennandi keppni og leika þar af leiðandi í 2. deild að ári. Konurnar gerðu sér hins vegar lítið fyrir og sigruðu í 2. deildinni og tryggðu sér þannig sæti í 1. deild að ári.

Í september var haldið árlegt styrktarmót fyrir afrekskylfinga og gekk það afar vel en fullt var í mótið og almenn ánægja með framkvæmd þess, auk þess sem veðrið lék við keppendur.

Rauði þráðurinn í starfi nefndarinnar á þessu ári var að leggja grunn að bættum árangri í afreksstarfi GA í framtíðinni. Til að það takist þarf margt að koma til, aðstaða þarf að halda áfram að þróast og batna, auk þess sem vinna þarf í að bæta hugarfar allra þeirra sem að afreksstarfi koma með beinum eða óbeinum hætti. Að þessu sögðu þarf þó að taka fram að nýliðið sumar var að mörgu leyti það erfiðasta sem kylfingar í GA hafa upplifað í mjög langan tíma.

Lagt er til að nefndin eigi í framtíðinni að einbeita í meira sér að unga fólkinu okkar sem er uppfyllt af áhuga og æfir alla daga í öllum veðrum. Með því að auka tengingu milli afreksnefndar og unglingaráðs teljum við að metnaður kylfinga aukist enn frekar og þeir ólíklegri til þess að hætta golfiðkun eða velja aðra afþreyingu fram yfir golfið. Enn fremur teljum við að það muni stuðli að þeirri hugarfarsbreytingu sem við teljum nauðsynlega til að bæta árangur kylfingar okkar á öllum sviðum íþróttarinnar.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka öllu því fólki sem með mér hefur starfað undanfarin ár bæði í nefndum og stjórn klúbbsins og ekki síst starfsfólkinu okkar og óska um leið nýju fólki velfarnaðar í störfum sínum fyrir klúbbinn.

Halldór M. Rafnsson
Formaður GA